

66

16. júlí

BRÁÐABIRGÐALÖG

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa innflutning á sildarbræðsluskipi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Samgöngumálaráðherra hefur tjáð mér, að tekizt hafi að festa kaup á skipi í Bandaríkjunum til þess að setja í það sildarbræðslutæki, en þar sem skip þetta sé eldra en 12 ára, beri brýna nauðsyn til að heimild sé veitt til innflutnings skipsins, sbr. 38. gr. laga nr. 68/1947.

Vegna þessa gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Ráðherra er heimilt að leyfa innflutning skips, sem í verða sett sildarbræðslutæki, þótt eldra sé en 12 ára, sbr. 38. gr. laga nr. 68/1947.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. júlí 1948.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

67

16. júlí

BRÁÐABIRGÐALÖG

um innflutningsgjald af benzíni.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að láðzt hafi að framlengja fyrirmæli 1. gr. laga nr. 53 7. maí 1946, um 5 aura viðbótarinnflutningsgjald af benzíni. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1948 var gert ráð fyrir þessu viðbótarinnflutningsgjaldi og í fjárlögunum var áætlun á innflutningsgjaldi af benzíni ekki lækkuð, þannig að sjá má að Alþingi hefur gert ráð fyrir viðbótinni. Nú skortir hins vegar lagaheimild til að innheimta umrædda viðbót og telur ráðuneytið að nauðsynlegt sé að fá slíka heimild til þess að innflutningsgjaldið sé löglega innheimt.

Fyrir því er hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt heimild í 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Auk þess innflutningsgjalds af benzíni, sem innheimta skal samkvæmt fyrirmælum a-liðar 1. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932, 4 aura af hverjum lítra, skal innheimta 5 aura innflutningsgjald af hverjum lítra á árinu 1948. Ákvæði nefndra laga nr. 84 1932 gilda um innheimtu og endurgreiðslu þessa viðbótarinnflutningsgjalds.

Lög þessi öðlast þegar gildi.
2. gr.

67
16. júlí

Gjört í Reykjavík, 16. júlí 1948.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Jóhann Þ. Jósefsson.

AUGLÝSING

um viðskiptasamning milli Íslands og Danmerkur.

68
20. júlí

Hinn 4. júní 1948 var undirritaður svo hljóðandi

Samningur um viðskipti milli Íslands og Danmerkur.

Til þess að auka sem mest viðskipti milli Íslands og Danmerkur hafa ríkisstjórn Íslands og ríkisstjórn Danmerkur orðið ásáttar um eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Ríkisstjórn Danmerkur mun veita nauðsynleg útflutningsleyfi til Íslands á vörum innan takmarka þeirra vörulista, sem samkomulag verður um milli landanna beggja.

Ríkisstjórn Íslands mun fyrir sitt leyti veita nauðsynleg innflutningsleyfi á vörum frá Danmörku innan takmarka vörulistanna.

2. gr.

Ríkisstjórn Íslands mun veita nauðsynleg útflutningsleyfi til Danmerkur á vörum innan takmarka þeirra vörulista, sem samkomulag kann að verða um milli landanna beggja.

Ríkisstjórn Danmerkur mun fyrir sitt leyti veita nauðsynleg innflutningsleyfi á vörum frá Íslandi innan takmarka vörulistanna.

3. gr.

Báðar ríkisstjórnirnar munu eins og frekast er unnt greiða fyrir útflutningi og innflutningi á vörum fram yfir magn

Overenskomst vedrørende den dansk-islandske Vareudveksling.

Den danske Regering og den islandske Regering er med det Formaal for Øje at fremme Vareudvekslingen mest muligt mellem Danmark og Island blevet enige um følgende Bestemmelser:

Art. I.

Den danske Regering vil give de nødvendige Tilladelser til Udførsel til Island af Varer indenfor Rammen af de Vareliste, som maatte blive aftalt mellem de to Lande.

Den islandske Regering vil paa sin Side give de nødvendige Tilladelser til Indførsel af Varer fra Danmark indenfor Rammen af de samme Vareliste.

Art. II.

Den islandske Regering vil give de nødvendige Tilladelser til Udførsel til Danmark af Varer indenfor Rammen af de Vareliste, som maatte blive aftalt mellem de to Lande.

Den danske Regering vil paa sin Side give de nødvendige Tilladelser til Indførsel af Varer fra Island indenfor Rammen af de samme Vareliste.

Art. III.

De to Regeringer vil i størst mulig Udstrækning lette Udførslen, respektive Indførslen ogsaa af Varer udover de i